

SKÝRSLA TILNEFNINGARNEFNDAR 2022

Hlutverk

Markmiðið með skipun tilnefningarnefndar er að koma á gagnsæju og skýru fyrirkomulagi tilnefninga stjórnarmanna á hluthafafundum félagsins, sem m.a. skapar hluthöfum þess forsendur fyrir upplýstri ákvarðanatöku.

Hlutverk nefndarinnar er að tryggja að stjórn félagsins hafi yfir að búa breidd í hæfni, reynslu og þekkingu. Jafnframt að færni stjórnarmanna sé af þeim toga að hún nýtist félaginu og dótturfélögum þess.

Tilnefningarnefnd hefur ráðgefandi hlutverk við val á stjórnarmönnum og leggur tillögur þess efnis fyrir hluthafafundi félagsins. Við framkvæmd starfa sinna skal tilnefningarnefnd taka mið af heildarhagsmunum hluthafa félagsins. Nánari upplýsingar um hlutverk nefndarinnar má finna í starfsreglum hennar, sem aðgengilegar eru á heimasíðu Skeljungs, sem og í leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka Atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um góða stjórnarhætti (leiðbeiningar VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti).

Þá er það meðal hlutverka nefndarinnar að meta óhæði tilvonandi stjórnarmanna, í samræmi við leiðbeiningar VÍ o.fl., sem og að gæta að lögbundnum kynjahlutföllum í stjórn félagsins.

Skipan

Nefndarmenn fyrir starfsárið 2021-2022 eru þau Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs, Sigurður Kári Árnason, yfirlögfræðingur heilbrigðisráðuneytisins og Þórarinn Arnar Sævarsson, stjórnarmaður í stjórn Skeljungs. Sigurður Kári var á fyrsta fundi kjörinn formaður nefndarinnar. Árni Gestsson, lögfræðingur Skeljungs, var kjörinn ritari nefndarinnar.

Allir nefndarmenn eru óháðir félaginu og stjórnendum þess. Katrín og Sigurður Kári eru jafnframt óháð stórum hluthöfum félagsins. Vakin er athygli á því að samkvæmt mati nefndarinnar er Þórarinn ekki óháður stórum hluthöfum í skilningi nefndra leiðbeininga, eins og rakið er síðar.

Starfsemi nefndarinnar

Við undirritun skýrslunnar hafði nefndin fundað níu sinnum. Á fundunum fór eftirfarandi fram.

Dagsetning fundar	Helstu verkefni
21. desember 2021	- Kosning formanns og útnefning ritara. - Starfsáætlun nefndarinnar útbúin og samþykkt. - Útfærsla að bréfi til stærstu hluthafa í félaginu rædd. - Tilkynning um störf nefndarinnar og auglýsing rædd.

Auglýsing um framboð send 11. janúar 2022.

17. janúar 2022 (Í fjarveru stjórnarmanns)	Niðurstöður árangursmats stjórnar kynnt fyrir tilnefningarnefnd af þeim stjórnarmanni sem hélt utan um sjálfsmatið.
---	---

Bréf til stærstu hluthafa sent út 19. janúar 2022.

21. og 24. janúar 2022 (Í fjarveru stjórnarmanns)	- Fundir með hverjum og einum stjórnarmanni til að afla upplýsinga um störf stjórnarinnar og mat þeirra á núverandi samsetningu á hæfni og þekkingu. Afla upplýsinga hverjir hugðust bjóða sig aftur fram. - Kynning frá forstjóra um fyrirtækið; stefnu þess, starfsumhverfi og helstu þætti. Mat hans fengið á störfum stjórnar. - Þörf á breytingum á starfsreglum nefndarinnar rædd.
25. og 27. janúar 2022 (Í fjarveru stjórnarmanns)	Fundir með hluthöfum, sem óskuðu eftir fundi, til að ræða reynslu þeirra af störfum stjórnar og nauðsynlega eiginleika stjórnarinnar.

Óhæðismat vegna sitjandi stjórnar, í tengslum við gerð stjórnarháttayfirlýsingar, var gert 2. febrúar 2022.

9. og 11. febrúar 2022 (Í fjarveru stjórnarmanns)	- Viðtöl við frambjóðendur. - Mat lagt á hæfni- og þekkingar samsetningu frambjóðenda.
--	--

Drög að skýrslu og tillögu til aðalfundar um stjórn útbúin milli funda.

16. febrúar 2021 (Í fjarveru stjórnarmanns)	- Endanleg tillaga til aðalfundar um stjórn og endanleg útgáfa skýrslu nefndarinnar var samþykkt. - Sjálfsmat nefndarinnar.
25. febrúar 2022 (skv. starfsáætlun) (Í fjarveru stjórnarmanns)	- Ný framboð verða yfirfarin, ef einhver verða. - Breyting verður gerð á tillögu nefndarinnar til aðalfundar um stjórn, ef þörf krefur. - Kynning fyrir aðalfund verður útbúin.

Helstu niðurstöður nefndarinnar

I. Skilgreining nefndarinnar á lykilhæfni og –þekkingu sem nýst gæti stjórn Skeljungs.

Á grundvelli samtala við alla stærstu hluthafa félagsins, sitjandi stjórn og forstjóra um það hver verði helstu verkefni stjórnar á komandi árum greinir tilnefningarnefnd 2021-2022 eftirfarandi lykilhæfni og -þekkingu fyrir stjórnina fyrir aðalfund sem fer fram 10. mars 2022:

a) Stjórnunarreynsla

- b) *Stefnumótun og áætlanagerð*
- c) *Breytingastjórnun*
- d) *Markaðsmál*
- e) *Lögfræði og/eða góð þekking á reglum er gilda um skráð félög*
- f) *Fjármálastjórnun og þekking á fjárfestingum*
- g) *Reynsla af viðskiptum, s.s. á einstaklingsmarkaði (retail) og fyrirtækjamarkaði*
- h) *Áhættustjórnun*
- i) *Þekking á málefnum orkugeirans*
- j) *Þekking á nýsköpun og tækni*
- k) *Önnur atriði*

Við mat á tilnefningum til stjórnar horfir tilnefningarnefnd til þess að stjórnin myndi sterka og faglega heild sem geti unnið sem best saman í þágu félagsins og hluthafa þess. Æskilegt er að einstakir stjórnarmenn búi að þekkingu og hæfni á einhverju ofangreindra sviða og að sem flestir þættir endurspeglast í sitjandi stjórn. Aðrir þættir s.s. þekking á starfsemi félagsins, samfella í stjórnun, aðstaða frambjóðanda til að sinna þeim krefjandi verkefnum sem stjórnarseta felur í sér, kynjahlutföll og fleiri þættir koma einnig til skoðunar við gerð endanlegrar tillögu tilnefningarnefndar.

Verkefni stjórnar hafa verið óvenju mörg og flókin á síðastliðnu starfsári, einkum við vinnu að breytingu og uppstokkun á rekstri Skeljungs með stofnun fjárfestingarfélags og dótturfélaga sem starfa á einstaklingsmarkaði og fyrirtækjamarkaði samhliða sölu á dótturfélaginu P/F Magn auk fasteigna. Það er mat nefndarinnar að stjórnin hafi verið samstíga í sínum ákvörðunum og að allir stjórnarmenn hafi lagt mikið af mörkum í þessari vinnu en formlegir stjórnarfundir voru yfir 30 á starfsárinu auk styttri fjarfunda. Við mat á tilnefningum í stjórn lítur tilnefningarnefnd til þess að framangreindri vegferð félagsins er ekki lokið og nýkjörin stjórn þurfi að geta fylgt þessum verkefnum eftir.

II. Stjórn Skeljungs hf. frá aðalfundi í mars 2021:

- Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður

Jón Ásgeir er sjálfstæður fjárfestir og ráðgjafi. Hann er jafnframt varamaður í stjórn 365 hf., sem fæst við dagblaðaútgáfu og prókúruhafi Apogee ehf. sem fæst við fjármálaþjónustu. Stjórnarformaður Strengs hf. og Strengs Holding ehf. Jón er stofnandi Bónus, fyrrverandi forstjóri og stjórnarformaður Haga og síðar Baugur Group. Hann hefur víðtæka stjórnunarreynslu, t.d. fyrir Iceland Foods og Magazin du Nord og fjölmörg önnur íslensk fyrirtæki. Jón Ásgeir hlaut menntun frá Verslunarskóla Íslands í verslunarfræðum.

Jón Ásgeir er kvæntur Ingibjörgu Pálmadóttur, sem á að mestu 365 hf. sem aftur eiga ásamt tengdum félögum 38% hlut í Streng Holding ehf. Strengur Holding ehf. á 100% í Streng ehf. Strengur ehf. á 969.152.089 hluti í Skeljungu eða sem nemur 50,06% atkvæða. Samkvæmt leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti er miðað við að „stór hluthafi“ sé hver sá sem ræður yfir a.m.k. 10% hlut af heildarhlutafé eða atkvæðamagni í félaginu, einn eða í samstarfi við tengda aðila. Þá segir í grein 2.3.4. að við mat á óhæði stjórnarmanns gagnvart stórum hluthöfum skuli líta heildstætt til beinna og óbeinna tengsla hans við viðkomandi hluthafa. Geta þau viðmið sem nefnd eru í lið 2.3.2 til að mynda komið til álita við mat á því hvort stjórnarmaður geti talist óháður stórum hluthöfum félagsins. Í síðastnefndri grein er m.a. fjallað um tengsl vegna náinna fjölskyldubanda, þ.m.t. vegna hjúskapar. Þá segir í grein 2.3.4 (2) að stjórnarmaður geti aldrei talist óháður stórum hluthöfum ef hann er stjórnarmaður hjá aðila sem á stóran hlut í félaginu, en svo háttar til um Jón Ásgeir.

Að mati tilnefningarnefndar Skeljungs telst Jón Ásgeir Jóhannesson óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst hins vegar ekki óháður stórum hluthöfum félagsins, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

- Birna Ósk Einarsdóttir, varaformaður stjórnar.

Birna Ósk Einarsdóttir er framkvæmdastjóri markaðssviðs APM Terminals í Hollandi. Áður var hún framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs hjá Icelandair Group og þar áður framkvæmdastjóri þjónustuuþplifunar, sem og stefnumótunar og viðskiptaþróunar hjá sama fyrirtæki. Þar áður var hún framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs Landsvirkjunar, 2017-2018. Þá gegndi hún ýmsum störfum hjá Símanum frá 2001; t.a.m. sem framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs, framkvæmdastjóri yfir markaðs- og vörusviði en einnig stýrði hún einstaklingssviði Símans um skeið. Hún hefur mikla reynslu af stjórnarstörfum, stjórnunar- og rekstrarreynslu með áherslu á stefnumótun, nýsköpun og vöruþróun og retail en þar hefur hún starfað á mörgum mörkuðum. Einnig er þekking Birnu Óskar er varðar orkumarkaðinn umtalsverð. Hún þekkir einnig starfsemi Skeljungs vel. Í starfi sínu hefur Birna Ósk hefur lagt áherslu á stefnumótun, markaðsmál, góða stjórnarhætti og verið varaformaður stjórnar lengst af í sinni stjórnartíð og þekkir því vel til rekstrartækifæra fyrirtækisins.

Birna er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá HÍ, M.A. gráðu í stjórnun og stefnumótun frá HR og AMP (Advanced Management Program) gráðu frá IESE Business School.

Birna á ekki hlut í Skeljungi.

Það er mat tilnefningarnefndar, út frá leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti, að Birna sé óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu.

- Nanna Björk Ásgrímsdóttir, meðstjórnandi.

Nanna Björk Ásgrímsdóttir hefur verið í eigin fjárfestingum frá 2006 til dagsins í dag. Hún er stjórnarmaður í RES 2 ehf., RES 9 ehf. og Eldra ehf. Þar áður kom Nanna Björk að rekstri fjölmargra verslana, bæði hér heima og erlendis ýmist sem eigandi og fjárfestir eða stjórnandi. Má þar nefna verslanir eins og All Saint, Whistles, Karen Millen, Shoe Studio og Waqrehouse. Starfaði hún þar áður hjá Kaupþing Bank, Corporte Finance við almenn lögfræðistörf 2001-2003 og á Lex lögmannsstofu við almenn lögfræðistörf 1999-2000.

Nanna Björk lauk LLM Mastersgráðu í Evrópurétti frá Háskólanum í Stokkhólmi 2001. Embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands 2000 og ýmsum námskeiðum við Heimspekideild Háskóla Íslands, í listasögu I, II og III.

Nanna Björk og eiginmaður hennar, Sigurður Bollason, eru meirihlutaeigendur félagsins RES 9 ehf., sem á 38% hlut í Streng Holding ehf. en það félag á 100% í Streng hf. Strengur hf. á 969.152.089 hluti í Skeljungi, sem nemur 50,06% atkvæða. Samkvæmt leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti er miðað við að „stór hluthafi“ sé hver sá sem ræður yfir a.m.k. 10% hlut af heildarhlutafé eða atkvæðamagni í félaginu, einn eða í samstarfi við tengda aðila. Þá segir í grein 2.3.4. að við mat á óhæði stjórnarmanns gagnvart stórum hluthöfum skuli líta heildstætt til beinna og óbeinna tengsla hans við viðkomandi hluthafa. Geta þau viðmið sem nefnd eru í lið 2.3.2 til að mynda komið til álita við mat á því hvort stjórnarmaður geti talist óháður stórum hluthöfum félagsins. Í síðastnefndri grein er m.a. fjallað um tengsl vegna náinna fjölskyldubanda, þ.m.t. vegna hjúskapar.

Þá segir í grein 2.3.4 (2) að stjórnarmaður geti aldrei talist óháður stórum hluthöfum ef hann er stjórnarmaður hjá aðila sem á stóran hlut í félaginu. Ljóst er samkvæmt framansögðu að Nanna Björk á ásamt eiginmanni sínum stóran eignarhlut í hluthafa sem ræður um 50% atkvæðamagni í Skeljungu hf.

Að mati tilnefningarnefndar telst Nanna Björk Ásgrímsdóttir óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst hins vegar ekki óháð stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

- Sigurður Kristinn Egilsson, meðstjórnandi.

Sigurður Kristinn Egilsson stofnaði Arcur Finance sem sérhæfir sig m.a. í fjármögnun fyrirtækja ásamt ýmsum sérhæfðum verkefnum. Þar undir hafa m.a. fallið ýmis fjölbreytt verkefni á sviði fjármálastjórnunar og áætlanagerðar, fasteignaverkefni, framtaksfjárfestingar og ýmis fjármögnunarverkefni. Fasteignatengd verkefni eru m.a. ráðgjöf varðandi breytingu á skipulagi lóða og samskipti við yfirvöld því tengt, framkvæmdafjármögnun fyrir nýbyggingar og almenn fjármögnun á fasteignatengdum verkefnum. Hann er stjórnarformaður í NeckCare Holding fyrir hönd fjárfesta, sem er nýsköpunarfyrirtæki og sérhæfir sig í greiningu á hreyfigetu í hálsi.

Frá 1998-2007 starfaði Sigurður Kristinn á eignastýringasviði Kaupþings banka og var síðustu 5 árin yfirmaður eignastýringar fagfjárfesta sem sérhæfir sig í stýringu eigna fyrir lífeyrissjóði, fyrirtæki og stofnanir. Frá 2007-2010 starfaði hann á eignastýringasviði bankans erlendis og leiddi uppbygginu á alþjóðlegu sjóðasviði fyrir fagfjárfesta. Frá árinu 2010-2016 veitti Sigurður Kristinn forstöðu eignastýringar og sérhæfðra sjóða hjá ALM Verðbréfum sem fjármagnaðir voru af lífeyrissjóðum. Þá hefur hann setið í stjórn Meniga fyrir hönd fjárfesta.

Sigurður Kristinn útskrifaðist sem véla- og iðnaðarverkfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1998 og er auk þess með löggildingu í verðbréfavíðskiptum.

Sigurður Kristinn á ekki hlut í Skeljungu.

Það er mat tilnefningarnefndar, út frá leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti, að Sigurður Kristinn er óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu.

- Þórarinn Arnar Sævarsson, meðstjórnandi.

Þórarinn Arnar er löggiltur fasteignasali, starfandi svæðisstjóri RE/MAX á Íslandi og stjórnarformaður Kaldalóns hf. sem fæst við fjárfestingar og fasteignapróun. Hann er stjórnarformaður Fjölblandis ehf. og jafnframt í stjórn Remax á Íslandi, Loran ehf., RPF ehf., IREF ehf., Einbýlis ehf., Strengs Holding ehf., Strengs hf., Iceland Rent ehf., Henrik ehf. og Smárahvamms ehf. Þórarinn hefur fjórtán ára reynslu af sjávarútvegi, nærri tuttugu ára reynslu af kaupum, sölum og þróun fasteigna á fasteignamarkaðinum. Þá sinnir hann fjárfestingarverkefnum í ráðgjafarfyrtækjum, sprotafyrtækjum og tæknifyrtækjum. Þórarinn er stofnandi fasteignasölukeðja á Íslandi og erlendis. Þórarinn er sérleyfishafi hjá RE/MAX á Íslandi og jafnframt eigandi og stjórnarmaður í því fyrirtæki. Eigandi félagsins Loran ehf. Hann er löggiltur fasteignasali og er með próf frá Vélskóla Íslands og Skipstjórnarskólanum ásamt flugþjálfun.

Þórarinn á 100% í félaginu Loran ehf. Loran ehf. á 50% í IREF ehf. IREF ehf. á 20% hlut í Strengur Holding ehf. en það félag á 100% í Strengur hf. Strengur hf. á 969.152.089 hluti í Skeljungu eða sem nemur 50,06% atkvæða. Leiðbeiningar VÍ gera ráð fyrir að lagt sé mat á tengsl frambjóðenda

við stóra hluthafa en með því er átt við þá sem eiga 10% eða meira. Þá segir í grein 2.3.4 (2) í leiðbeiningunum að stjórnarmaður geti aldrei talist óháður stórum hluthöfum ef hann er stjórnarmaður hjá aðila sem á stóran hlut í félaginu. Ljóst er samkvæmt framansögðu að Þórarinn Arnar á stóran eignarhlut í hluthafa sem ræður um 50% atkvæðamagni í Skeljungi hf. auk þess sem hann situr í stjórn þessa sama hluthafa.

Að mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Þórarinn Arnar Sævarsson óháður félaginu. daglegum stjórnendum en hins vegar ekki óháður stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

Kynjahlutföll í stjórn eru jöfn en þar sitja nú tvær konur og þrír karlar.

III. Framboð sem bárust tilnefningarnefnd

Framboð frá öllum fimm sitjandi stjórnarmönnum bárust til stjórnar, þ.e. frá Birnu Ósk, Jóni Ásgeiri, Nönnu, Sigurði Kristni og Þórarni.

- Vísað er til fyrri umfjöllunar um sitjandi stjórnarmenn, undir lið II hér að framan.

Þegar skýrsla þessi er rituð liggja til viðbótar fyrir eftirfarandi framboð til stjórnar.

- Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir.

Guðbjörg Heiða er framkvæmdastjóri fiskiðnaðar hjá Marel á Íslandi frá mars 2020. Áður var hún yfirmaður vöruþróunar Marel á Íslandi og í Bretlandi. Hún hefur starfað hjá Marel í 10 ár. Þar áður starfaði hún hjá Eyri fjárfestingafélagi í fjögur ári 2007-2011 og hjá Sigurjónsson & Thor árin 1998-2004. Guðbjörg lauk MS gráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 2007. Guðbjörg Heiða hefur setið í stjórn Tækniþróunarsjóðs og sprotafyrirtækinu Brandr.

Guðbjörg Heiða býr yfir öflugri reynslu í stjórnun, rekstri og vöruþróun og stýrir starfsemi Marel á Íslandi. Hún hefur einnig reynslu í alþjóða samstarfi þar sem áhersla hefur verið mikil á vöruþróun og nýsköpun.

Guðbjörg Heiða útskrifaðist með BS gráðu í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 2005 og með MS gráðu í iðnaðarverkfræði frá sama skóla 2007.

Guðbjörg Heiða á ekki hlut í Skeljungi.

Það er mat tilnefningarnefndar, út frá leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti, að Guðbjörg Heiða sé óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu.

- Sigríður Olgeirsdóttir

Sigríður Olgeirsdóttir er reyndur stjórnandi og stjórnarmaður í íslensku athafnalífi. Var síðast sviðsstjóri þjónustu hjá Völku 2019-2021. Var framkvæmdastjóri rekstrar- og upplýsingasviðs Íslandsbanka 2010-2019 og hefur verið sjálfstætt starfandi við stjórnarstörf frá 2008-2010. Hún hefur einnig starfað á alþjóðlegum mörkuðum í tæknigeiranum bæði hér heima og á Norðurlöndunum við endurskipulagningu fyrirtækja og átt sæti í stjórnum fjölmargra fyrirtækja á þessum tíma. Sigríður situr í varastjórn Landsbankans.

Sigríður lauk MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2005 og lauk stjórnunarnámi (AMP) frá Harvard Business School í Boston 2019. Þá hefur hún undirgengist hæfnismat stjórnarmanna hjá Fjármálaeftirliti SÍ, auk námskeiðs hjá HR um ábyrgð og hlutverk í stjórnun.

Sigríður er reynslumikil bæði sem stjórnandi og stjórnarmaður hér heima og erlendis. Hún býr yfir góðri þekkingu á íslensku atvinnulífi og hefur stjórnað, leitt fjárfestingar í rekstri s.s. í tækni-, fjármála- og framleiðslufyrirtækjum sem starfa í hátækni og alþjóðlegum viðskiptum.

Sigríður á ekki hlut í Skeljungi.

Það er mat tilnefningarnefndar, út frá leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti, að Sigríður sé óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu.

IV. Mat á framboðum

Við móttögu tillögu sinnar lítur tilnefningarnefnd til verkefna sem framundan eru hjá Skeljungi og til þess að stjórnin í heild búi yfir breidd í hæfni, reynslu og þekkingu. Nefndin hefur hliðsjón af þeim þáttum sem skilgreindir eru í lið I hér að framan. Það er þó ekki markmið með tillögu tilnefningarnefndar að hver og einn hinna skilgreindu lykilþátta endurspeglar í stjórninni. Markmið tillögunnar er að hæfni, reynsla og þekking stjórnarinnar sé líkleg til að styðja við farsælt starf og þróun Skeljungs hf., til hagsbóta fyrir félagið og hluthafa þess.

Skýrt skal tekið fram að ákvörðunarvald um stjórnarsetu er hjá hluthöfum. Hlutverk nefndarinnar er að taka saman upplýsingar um frambjóðendur, greina þær og leggja út frá þeirri greiningu fram tillögu til hluthafanna um heppilegustu samsetningu stjórnar. Mat nefndarinnar á framboðum er byggt á hlutlægu mati á störfum frambjóðenda, þeirri menntun og þeirri reynslu sem frambjóðendur búa yfir. Jafnframt getur nefndin að nokkru marki lagt mat á huglægari þætti líkt og árangur í starfi, samskiptafærni og aðra persónulega eiginleika, s.s. á grundvelli umsagna frá umsagnaraðilum.

Í ljósi talsverðrar veltu á stjórnarmönnum á undanförunum árum og ekki síst í ljósi þeirra breytinga sem nú eiga sér stað í starfsemi fyrirtækisins eins og list hefur verið hér að framan, telur tilnefningarnefnd að þessu sinni tilefni til að leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess að ákveðin samfella sé í stjórn félagsins. Þ.e.a.s. að stjórnarskipti séu ekki svo umfangsmikil að þekking á félaginu á meðal stjórnarmanna verði ekki fullnægjandi. Undir þessari sjónarmið hafa hluthafar tekið í samtölum við nefndina. Þá hefur nefndin fengið sérstaka kynningu á sjálfsmati stjórnar sem kom að mati nefndarinnar mjög vel út og ber með sér að stjórnin hafi náð ótrúlega vel saman sem heild á krefjandi starfsári. Allir sitjandi stjórnarmenn hafa sýnt félaginu mikinn áhuga og lagt mikinn tíma og metnað í stjórnarstarfið. Mikil ánægja er með samstarfið innan stjórnar og ekki varð annað ráðið af samtölum við hluthafa en að almenn ánægja væri einnig af þeirra hálfu með störf stjórnar.

Eins og rakið hefur verið hefur núverandi stjórn ráðist í talsverðar breytingar á starfsemi félagsins sem og skipulagi þess. Tilnefningarnefnd telur það hafa mikið vægi við mat á framboðum að sitjandi stjórn, sem öll býður sig fram að nýju, hafi starfað svo vel saman á síðastliðnu ári og tekist vel til. Í þeim verkefnum sem framundan eru sé jafnframt mikilvægt að halda í reynslumikla stjórnarmenn með mikla þekkingu á félaginu og þeirri vegferð sem það er nú á.

Tilnefningarnefnd vill taka það fram að bæði framboð Guðbjargar Heiðu Guðmundsdóttur og Sigríðar Olgeirsdóttur eru áhugaverð og frambærileg og myndu þær báðar sóma sér vel í stjórnun skráðra félaga. Í ljósi samtala nefndarinnar við hluthafa kom ekki fram sérstök óánægja eða ósk um breytingar á stjórn. Hluthafar bentu á nauðsyn þess að ákveðin breidd væri í þekkingu og

reynslu stjórnarmanna og ekki of miklar breytingar með stuttu millibili. Undanfarin ár hafa verið talsverðar breytingar í stjórn fyrirtækisins og nú gengur fyrirtækið í gegnum miklar skipulagsbreytingar þar sem þörf er á virki og samheldinni stjórn til að fylgja málum vel eftir.

Að þessu virtu, og þar sem sitjandi stjórnarmenn endurspegla vel þá hæfnipætti sem raktir eru í lið I, er það niðurstaða tilnefningarnefndar, eftir heildarmat á þeim sjö frambjóðendum sem hér hefur verið fjallað um, að samsetning stjórnarinnar og starfshæfni sé sterkust með óbreyttri stjórn til að takast á við verkefni félagsins næsta árið.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að Birna Ósk, Jón Ásgeir, Nanna Björk, Sigurður Kristinn og Þórarinn falli sem einstaklingar mjög vel að þeim lykilþáttum í hæfni og þekkingu sem nefndin hafði áður skilgreint (sbr. lið I) og að nefndir fimm frambjóðendur tryggi saman bestu breidd stjórnar hvað varðar hæfnipætti, virkt eignarhald og óhæði, bakgrunn og sýn á stjórnarmannshlutverkið. Þau séu því ekki einungis líklegust til að geta myndað samheldna og öfluga stjórn heldur hefur reynslan einnig sýnt það. Tillaga nefndarinnar til hluthafafundar er því sú að þessir frambjóðendur taki sæti í stjórn Skeljungs hf., þ.e. að stjórn verði óbreytt frá liðnu starfsári.

Fyrir liggur mat á óhæði frambjóðendanna, sem fullnægir kröfum leiðbeininga VÍ o.fl., auk þess sem tillaga nefndarinnar uppfyllir kröfur laga um kynjahlutföll.

Þegar skýrsla þessi er undirrituð er sá frestur sem nefndin hefur til að taka á móti framboðum og meta þau liðinn. Samkvæmt starfsreglum nefndarinnar metur nefndin ekki framboð sem berast þegar skemmra en tvær vikur eru til hluthafafundar en áskilur sér, ef til þess kemur, rétt til þess að breyta tillögu sinni uns tíu dagar eru til fundarins. Vakin er þó athygli á að unnt er að senda inn framboð allt að fimm dögum fyrir hluthafafund og hafa slík framboð fullt gildi en verða ekki metin af tilnefningarnefnd og geta því ekki orðið hluti af tillögu nefndarinnar. Framboðseyðublöð og leiðbeiningar má finna á heimasíðu Skeljungs.

V. Starfsreglur tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd telur ekki þörf á að leggja til breytinga á starfsreglum nefndarinnar.

Tillögur tilnefningarnefndar til aðalfundar Skeljungs hf.:

I. Tillaga um fundarstjóra.

Tilnefningarnefnd leggur til að Viðar Lúðvíksson, hrl., verði kosinn fundarstjóri aðalfundar Skeljungs hf. 10. mars 2022.

II. Tillaga um stjórn

Tilnefningarnefnd leggur til að eftirtaldir frambjóðendur verði kjörnir í stjórn Skeljungs:

- Birna Ósk Einarsdóttir
- Jón Ásgeir Jóhannesson
- Nanna Björk Ásgrímsdóttir
- Sigurður Kristinn Egilsson
- Þórarinn A. Sævarsson

Reykjavík, 16. febrúar 2022,

Sigurður Kári Árnason
Katrín S. Óladóttir

Þórarinn Arnar Sævarsson, stjórnarmaður í tilnefningarnefnd, kom hvorki að mati á framboðum né gerð tillögu til stjórnar Skeljungs og ritar því ekki undir skýrslu þessa.

Viðaukar:

- I. Gildandi starfsreglur tilnefningarnefndar
- II. Utanaðkomandi nefndarmenn tilnefningarnefndar
- III. Sitjandi stjórn Skeljungs

Viðauki I

STARFSREGLUR TILNEFNINGARNEFNDARAR SKELJUNGS HF.

RULES OF PROCEDURE FOR SKELJUNGUR HF.'S NOMINATION COMMITTEE

1. Markmið

Objectives

Markmið með skipun tilnefningarnefndar er að koma á gagnsæju og skýru fyrirkomulagi tilnefninga stjórnarmanna á aðalfundi félagsins, sem m.a. skapar hluthöfum þess forsendur fyrir upplýstri ákvarðanatöku.

The objective of the Nomination Committee is to establish a transparent and clear procedure for the nomination of Board Members at the Company's Annual General Meeting. The procedure is intended to enable the shareholders to make a more informed decision regarding Board Membership.

Einnig er það markmið með skipun nefndarinnar að tryggja að stjórn félagsins hafi yfir að búa breidd í hæfni, reynslu og þekkingu. Jafnframt að færni stjórnarmanna sé af þeim toga að hún nýtist félaginu og dótturfélögum þess.

The Committee's objective is also to ensure that the Company's Board is sufficiently diverse, when it comes to capabilities, experience and knowledge. Also that the Board Members' capabilities are usable for the Company and its daughter companies.

2. Hlutverk og skyldur

Role and obligations

Tilnefningarnefnd hefur ráðgefandi hlutverk við val á stjórnarmönnum og leggur tillögur þess efnis fyrir aðalfund. Við framkvæmd starfa sinna skal tilnefningarnefnd taka mið af heildarhagsmunum hluthafa félagsins

The Nomination Committee has an advisory role regarding the election of Board Members by putting forth a proposal at the Annual General Meeting. The Nomination Committee shall take into account the overall interests of the Company's shareholders.

Hlutverk nefndarinnar felst m.a. í eftirfarandi:

The Committee's role is e.g.:

- a) Mat á því hvort starfsreglur nefndarinnar séu fullnægjandi og framlagning tillögu um breytingu á starfsreglunum fyrir aðalfund, ef þörf krefur.
Evaluation of the Committee's Code of Conduct and putting forth an amendment proposal at the Annual General Meeting, if it sees fit.
- b) Að óska eftir tillögum að stjórnarmönnum frá hluthöfum, tímanlega fyrir aðalfund félags.
Requesting proposals from the shareholders, regarding Board Members, in a timely manner before the Annual General Meeting.
- c) Að taka á móti framboðum og tillögum hluthafa og annarra að stjórnarmönnum.
Receiving declarations of candidacy and proposals from shareholders and others regarding Board Members.
- d) Mati á hæfni, reynslu og þekkingu tilvonandi stjórnarmanna, m.a. út frá leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti

fyrirtækja¹, hvað varðar stærð og samsetningu stjórnar, og út frá árangursmati stjórnar, hvað varðar samsetningu stjórnar og hæfni stjórnarmanna.

Assessing prospective Directors based on capabilities, experience and knowledge of potential Board Members, e.g. with regards to the ICC and other's guidelines on corporate governance, regarding the size and combination of the Board, and with regards to the Board's performance analysis, regarding the combination of the Board and the competence of the Board Members.

- e) Mati á óhæði sitjandi stjórnarmanna og frambjóðanda til stjórnar, í samræmi við leiðbeiningar VÍ o.fl.

Evaluating the independence of current board members and candidates to the board, with regards to ICC and other's guidelines on corporate governance.

- f) Að gæta að lögbundnum kynjahlutföllum í stjórn félagsins.

Ensure that statutory demands regarding gender ratios are met.

- g) Kynningu á öllum framboðum til stjórnarsetu á aðalfundi.

Presenting all candidates for Board Membership at the Annual General Meeting.

- h) Gerð skriflegrar skýrslu til aðalfundar um það hvernig nefndin hafi hagað störfum sínum, auk kynningar á þeirri skýrslu á aðalfundi. Stjórnarmaður í nefndinni kemur ekki að gerð skýrslunnar.

Delivering a written report to the Annual General Meeting regarding the Committee's work and presenting the report at the meeting. The board member in the committee does not take part in writing the report.

- i) Gerð rökstuddrar, skriflegrar tillögu til aðalfundar um kosningu stjórnarmanna, byggðri á ofangreindum atriðum, auk kynningar á þeirri tillögu á aðalfundi. Stjórnarmaður í nefndinni kemur ekki að gerð tillögu til aðalfundar.

Delivering a reasoned, written proposal to the Annual General Meeting regarding Board Membership, based on the above mentioned criteria, and to present the proposal at the meeting. The board member in the committee does not take part in writing the proposal to the AGM.

- j) Ef til þess kemur að stjórnarmaður láti af störfum á starfstímabilinu, að tilnefna nýjan stjórnarmann í samræmi við ofangreind viðmið og leggja fyrir sérstakan hluthafafund, verði stjórn við brotthvarfið ekki lengur ákvörðunarþær eða komi um það beiðni frá stjórn.

If a Director leaves the Board during the year, to propose a new Director to a special shareholders' meeting, according to the criteria above.

- k) Komi fram beiðni um hluthafafund og tillaga um stjórnarkjör, án þess að um aðalfund sé að ræða, skal tilnefningarnefnd taka til starfa eins og um aðalfund væri að ræða, að breyttu breytanda.

If a request for a shareholders' meeting and a proposal for a board election is made, even though it's not an annual general meeting, the Nomination Committee shall act as if it were the annual general meeting, as amended.

3. Skipan

Appointment

Í auglýsingu til hluthafafundar, skemmst þremur vikum fyrir fund, þar sem kjör tilnefningarnefndar er á dagskrá skal stjórn óska eftir framboðum til tilnefningarnefndar sem berast skulu stjórninni eigi síðar en fimm dögum fyrir fund. Framboð og tillögur að nefndarmönnum skulu liggja fyrir á vefsíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund. Nefndarmenn skulu kosnir til eins árs í senn. Tvo nefndarmenn skal hluthafafundur kjósa en nýkjörin stjórn félagsins skal skipa einn úr

¹ Hér eftir vísað til sem leiðbeininga VÍ o.fl.

stjórn í nefndina í kjölfar hluthafafundar. Fyrirkomulag samþykktu um kosningu stjórnarmanna, og um framkvæmd kosningar, skal gilda um kosningu nefndarmannanna tveggja í tilnefningarnefnd. *In the advertisement regarding a shareholders' meeting, at latest three weeks before a meeting, where the election of a Nomination Committee shall take place, the Board shall call for declarations of candidacy for the Nomination Committee, which shall be delivered no later than five days before the meeting. Proposals regarding committee members shall be available on the Company's website no later than two days before the meeting. The Committee is established for one year at a time. Two committee members are elected by the shareholders' meeting and the new Board elects one of their own after the shareholders' meeting. The arrangement regarding the shareholders' voting of Committee Members shall be the same as for voting Board Members, according to the Articles of Association.*

Tilnefningarnefnd skal skipuð þremur mönnum. Meirihluti nefndarinnar skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Í það minnsta einn nefndarmanna skal vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Við mat á óhæði skal miðað við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um góða stjórnarhætti.

The Nomination Committee shall consist of three members. The majority of the Committee shall be independent of the company and its day-to-day management. At least one member shall be independent of the Company's major shareholders. The evaluation of independence shall be based on the ICC and others' guidelines on corporate governance.

Geti óháður nefndarmaður ekki sinnt starfsskyldum sínum vegna forfalla skal stjórn tilnefna varamann í hans stað. Stjórn ber að tryggja að sá aðili uppfylli þær óhæðis- og hæfniskröfur og annað sem reglur þessar kveða á um. Varamaður skal starfa líkt og aðrir nefndarmenn í umboði hluthafafundar og vera óháður stjórn.

If independent committee member is unable to perform his duties because of impediment, the Board shall appoint another one in his place. The Board must ensure that such a person meets the independence and competence and other provisions of these rules. An alternate shall act like other members on the mandate of a shareholders' meeting and be independent of the board.

Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar. Leitast skal við að í nefndinni sitji einn aðili er hefur reynslu af ráðningum eða hæfisnefndum og einn lögfróður aðili. Þriðji nefndarmaðurinn skal vera stjórnarmaður. Hvorki stjórnendur félagsins né starfsmenn þess skulu eiga sæti í tilnefningarnefnd. Nýir nefndarmenn skulu fá leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar.

The Committee Members shall have the knowledge and experience to carry out the committee's role. The Committee shall preferably consist of a person with experience with recruitment and a lawyer. The third Member shall be a Board Member. Neither the Company's management nor its employees shall be members of the Committee. New Committee Members shall receive information and guidance on the work and procedures of the committee.

Tilnefningarnefnd skal, á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund, kjósa sér formann úr hópi nefndarmanna. Stjórnarmaður félagsins skal ekki gegna formennsku í nefndinni. Jafnframt skal nefndin útnefna ritara nefndarinnar.

The Nomination Committee shall, at its first meeting after the Annual General Meeting, elect a Chairman. The Board Member may not be the Chairman of the Committee. The Committee shall also elect a secretary.

Starfskjör nefndarmanna skulu ákveðin á aðalfundi.

The Committee's remuneration shall be decided at the Annual General Meeting.

4. Heimildir

Authorizations

Tilnefningarnefnd er veitt heimild til að:

The Nomination Committee is authorized to:

- a) afla faglegrar ráðgjafar sem hún telur nauðsynlega til að sinna hlutverki sínu. Ráðgjafar skulu vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum og þeim stjórnarmönnum sem ekki eru óháðir. Það er nefndarinnar að ganga úr skugga um óhæði ráðgjafa þessara. Við mat á óhæði ráðgjafa skal miða við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið. Öflun faglegrar ráðgjafar skal tilkynnst forstjóra félagsins með formlegum hætti
hire a professional advice as it deems necessary to carry out its role. The Advisors shall be independent of the Company, its day-to-day management and those Board Members who are not independent. It is the Committee's role to ensure the independence of the advisors. The evaluation shall be based on the evaluation of Board Members. The hiring of advisors shall be formally reported to the CEO.
- b) hafa samband við hluthafa í tengslum við framkvæmd starfa sinna
to contact the shareholders, in relations to the Committee's work
- c) hafa óheftan aðgang að stjórn og stjórnendum
have free access to the Board and the management
- d) fá ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum sem hún telur nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu
get unlimited access to the information it deems necessary to fulfill its functions

5. Fundir

Meetings

Nefndin skal halda fundi eftir þörfum. Formaður nefndarinnar stýrir fundum hennar. Ritari nefndarinnar skal rita fundargerðir, sem skulu einungis aðgengilegar nefndarmönnum nema nefndin ákveði annað. Stjórnarmaður í nefndinni hefur ekki atkvæðisrétt. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

The Committee shall hold meetings when it considers it necessary. The Chairman of the Committee manages its meetings. The Secretary shall take minutes, which shall only be accessible to the Committee Members, unless they decide otherwise. The board member in the Committee does not have voting rights. If the votes are even the vote of the chairman decides the outcome.

Mat á aðkomu stjórnarmanns að fundum nefndarinnar er lagt í hendur hinna óháðu nefndarmanna en að jafnaði skal stjórnarmaður í nefndinni ekki sitja fundi nefndarinnar þegar nefndin fundar með stjórnarmönnum, forstjóra félagsins, hluthöfum né frambjóðendum eða öðrum fundum sem ekki er talið æskilegt að stjórnarmaður í nefndinni sitji. Sömu sjónarmið gilda um aðgang stjórnarmanns í nefndinni að gögnum nefndarinnar.

The independent committee members evaluate the board member's participation in the committee's meetings but as a general rule, the board member in the committee shall not attend the committee's meetings with other board members, CEO, shareholders or candidates or other meetings which are not deemed fit. At least one meeting shall be held without the presence of the Board Member.

6. Þagnar- og trúnaðarskylda

Confidentiality

Á tilnefningarnefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um störf sín, málefni fyrirtækisins og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum Skeljungs, lögum eða eðli máls. Þagnar- og trúnaðarskylda helst þótt látið sé af starfi. Öll gögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti.

Committee Members are to uphold a confidentiality agreement on their work, the Company's matters and other items as they become aware of in their work and must be kept confident in accordance with the Company's articles, the law or the nature of the case. Professional secrecy and confidentiality remains even after the termination of employment. All data shall be kept in a secure manner.

7. Birting upplýsinga

Publication of information

Tilkynna skal um skipun nefndarmanna á vefsíðu félagsins strax í kjölfar aðalfundar. Einnig skulu þar birtar upplýsingar um það hvernig hluthafar geta lagt fram tillögur fyrir tilnefningarnefndina eða komið að athugasemdum sínum varðandi stjórn félagsins og um það hvernig aðrir geta komið framboðum sínum á framfæri.

The appointment of Committee Members shall be announced on the Company's website following the Annual General Meeting. Information on how shareholders can make proposals to the Committee or make comments regarding the Company's Board and on how prospective Directors can contact the Committee, shall also be published on the website.

Tillaga tilnefningarnefndar skal send á samt fundarboði til hluthafafundar, skemmst þremur vikum fyrir fund þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Þar skal jafnframt bent á að unnt sé að senda inn framboð til stjórnar þar til fimm dögum fyrir fundinn en að tilnefningarnefnd geti ekki, vegna eðlis og umfangs starfa nefndarinnar, lagt mat á framboði sem berast eftir að tvær vikur eru til fundarins. Eins að nefndin áskilji sér rétt til þess að breyta framkominni tillögu þar til tíu dagar eru til fundarins. Skal tillaga nefndarinnar um stjórn félagsins jafnframt birt á vefsíðu félagsins í kjölfar útsendingar fundarboðsins.

In the advertisement regarding a shareholders' meeting, at latest three weeks before a meeting, where the election of a Board Member shall take place, the Committee shall publish its proposal. There it shall also state that candidates can nevertheless send in their declarations of candidacy until five days prior to the meeting. Because of the nature and scope of the Committee's work it however cannot evaluate candidates who are presented later than two weeks before the meeting. The Committee reserves the right to change its proposal until ten days before the meeting. The Committee's proposal to the shareholders regarding Board Members shall be available on the Company's website following its publishing to the stock market.

Starfsreglur þessar skulu birtar á heimasíðu félagsins.

This Code of Conduct shall be published on the Company's website.

* * *

Þannig samþykkt á aðalfundi, þann 5. mars 2020.

So approved by the Annual General Meeting, March 5, 2020

Undir ritar stjórn eða prókúruhafi:

Signatures of the Board of Directors or the Procurement Holder:

Viðauki II

Utanaðkomandi nefndarmenn í tilnefningarnefnd:

Katrín S. Óladóttir

Katrín S. Óladóttir hefur starfað hjá Hagvangi síðan 1983, fyrst sem ráðningarstjóri og síðar eigandi frá árinu 1986. Frá 2003 hefur hún starfað sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins og sinnir daglegum rekstri þess. Hún hefur sérhæft sig í mati og ráðningum lykilstjórnenda bæði hjá einkafyrirtækjum og opinberum stofnunum. Um árabíl hefur Katrín einnig unnið með stjórnnum fyrirtækja að tilnefningum stjórnarmanna.

Katrín á ekki hlut í Skeljungu.

Hún telst óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

Sigurður Kári Árnason

Sigurður Kári Árnason hefur starfað sem yfirlögfræðingur heilbrigðisráðuneytisins frá haustinu 2019. Áður starfaði hann sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis frá 2013. Áður starfaði hann sem laganemi, lögfræðingur og síðar sem héraðsdómslögmaður hjá LEX lögmannsstofu frá 2010-2013. Sigurður er með B.A. og Mag.jur gráðu frá lagadeild Háskóla Íslands frá 2012, réttindi til að starfa sem héraðsdómslögmaður frá sama ári og LLM í Evrópu- og stjórnskipunarrétti frá London School of Economics and Political Science, frá 2016.

Sigurður Kári á ekki hlut í Skeljungu.

Hann telst óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu.

Viðauki III

Sitjandi stjórn Skeljungs hf.

Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður, tók fyrst sæti í stjórn árið 2019

Fæðingarár:	1968
Menntun:	Próf frá Verzlunarskóla Íslands.
Aðalstarf:	Fjárfestir.
Starfsferill:	Annar stofnanda Bónus, einn af stofnendum Orkunnar, forstjóri og stjórnarformaður Haga og síðar Baugur Group. Víðtæk stjórnunarreynsla, t.d. fyrir Iceland Foods og Magazin du Nord og fjölmörg önnur íslensk fyrirtæki. Sjálfstæður fjárfestir og ráðgjafi.
Önnur trúnaðarstörf:	Stjórnarformaður Strengs hf. og Strengs Holding ehf. Varamaður í stjórn 365 hf. og prókúruhafi Apogee ehf.
Eignarhluti í Skeljungi:	365 hf. og önnur tengd félög eiga 38% hlut í Streng Holding ehf. Strengur Holding ehf. á 100% í Streng hf. Strengur ehf. á 969.152.089 hluti í Skeljungi eða sem nemur 50,06% atkvæða. 365 hf. er í eigu Ingibjargar Pálmadóttur, eiginkonu Jóns Ásgeirs.
Stöður hjá Skeljungi:	Stjórnarformaður Skeljungs hf., stjórnarmaður í dótturfélögum Skeljungs hf. Formaður starfskjaranefndar Skeljungs.
Hagsmunatengsl:	RES II ehf. á 523.290 hluti í Skeljungi hf. RES II ehf. tengist Streng hf. og Streng Holding ehf. vegna stjórnarsetu, þar sem sami stjórnarmaður er meðstjórnandi í stjórn Strengs hf., Strengs Holding ehf. og RES II ehf.

Að mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Jón Ásgeir Jóhannesson óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess en hins vegar ekki óháður stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

Birna Ósk Einarsdóttir, varaformaður, tók fyrst sæti í stjórn árið 2015

Fæðingarár:	1976
Menntun:	B.Sc í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík 2001, M.Sc. í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands 2008, AMP (Advanced Management Program), IESE Business School, 2015.
Aðalstarf:	Chief Commercial Officer APM Terminals.
Starfsferill:	Ýmis sérfræði- og stjórnunarstörf hjá Símanum frá árinu 2001, t.a.m. kynningafulltrúi, ráðningastjóri, stjórnendaráðgjafi, forstöðumaður verkefnastofu og markaðsmála, framkvæmdastjóri einstaklingssviðs, framkvæmdastjóri vöru- og nýsköpunarsviðs og framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs. Framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs Landsvirkjunar 2017-2018. Framkvæmdastjóri þjónustuupplifunar og áður stefnumótunar og viðskiptaþróunar Icelandair, 2018-2019. Framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs Icelandair hf. 2019-2022.
Önnur trúnaðarstörf:	Engin.
Eignarhluti í Skeljungi:	Enginn.
Stöður hjá Skeljungi:	Stjórnarstjóri hjá Skeljungi hf. og dótturfélögum og seta í endurskoðunarnefnd Skeljungs.
Hagsmunatengsl:	Engin.

Að mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Birna Ósk Einarsdóttir óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

Nanna Björk Ásgrímsdóttir, stjórnarmaður, tók fyrst sæti í stjórn árið 2021

Fæðingarár:	1974
Menntun:	LLM Mastersgráða í Evrópurétti frá Háskólanum í Stokkhólmi 2001. Embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 2000 og ýmsum námskeiðum frá

Aðalstarf:
Starfsferill:

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands í viðskiptagreinum auk námskeiðum við Heimspekideild Háskóla Íslands.

Eigin fjárfestingar.

Nanna Björk hefur verið í eigin fjárfestingum frá 2006 til dagsins í dag. Nanna Björk hefur viðtæka reynslu í smásölu og hefur komið að rekstri fyrirtækja í smásölu bæði hér heima og erlendis ýmist sem eigandi og fjárfestir eða stjórnandi. Má þar nefna fyrirtæki eins og All Saints, Whistles, Karen Millen, The Shoe Studio Group og Warehouse. Á árunum 2004-2006 var Nanna fjárfestir og rekstraraðili í The Shoe Studio Group UK. Á árunum 2003-2004 vann Nanna sem rekstrarstjóri hjá Karen Millen UK fyrir Bandaríkin, Skandinavíu og Evrópu auk þess sem hún vann við lögfræðistörf og almenna samningagerð þar. Nanna starfaði hjá Kaupþing Bank, Corporate Finance við almenn lögfræðistörf 2001-2003 og á Lex lögmennsstofu við almenn lögfræðistörf 1999-2000.

Önnur trúnaðarstörf:
Eignarhluti í Skeljungi:

Nanna er stjórnarmaður í RES 2 ehf., RES 9 ehf. og Eldra ehf.

Nanna og eiginmaður hennar, Sigurður Bollason, eru meirihlutaeigendur félagsins RES 9 ehf, sem á 38% hlut í Streng Holding ehf. en það félag á 100% í Streng hf. Strengur hf. á 969.152.089 hluti í Skeljungi, sem nemur 50,06% atkvæða.

Stöður hjá Skeljungi:
Hagsmunatengsl:

Stjórnarstjóri og seta í starfskjaranefnd Skeljungs

RES 9 ehf. á 38% hlut í Streng Holding ehf. sem á Streng hf. sem heldur á hlutum í Skeljungi hf.

Að mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Nanna Björk Ásgrímsdóttir óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess en hins vegar ekki óháð stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

Sigurður Kristinn Egilsson, stjórnarmaður, tók fyrst sæti í stjórn árið 2021

Fæðingarár:
Menntun:
Aðalstarf:
Starfsferill:

1974

Verkfræðingur með löggildingu í verðbréfiðskiptum.

Stofnandi og starfsmaður Arcur Finance.

Frá 1998-2007 starfaði Sigurður Kristinn á eignastýringasviði Kaupþings banka og var síðustu 5 árin yfirmaður eignastýringar fagfjárfesta sem sérhæfir sig í stýringu eigna fyrir lífeyrissjóði, fyrirtæki og stofnanir. Frá 2007-2010 starfaði hann á eignastýringasviði bankans erlendis og leiddi uppbyggingu á alþjóðlegu sjóðasviði fyrir fagfjárfesta. Frá árinu 2010-2016 veitti Sigurður Kristinn forstöðu eignastýringar og sérhæfðra sjóða hjá ALM Verðbréfum sem fjármagnaðir voru af lífeyrissjóðum.

Önnur trúnaðarstörf:
Eignarhluti í Skeljungi:
Stöður hjá Skeljungi:
Hagsmunatengsl:

Stjórnarformaður NeckCare Holding.

Enginn.

Stjórnarmaður í Skeljungi og nefndarmaður í starfskjaranefnd Skeljungs.

Engin.

Að mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Sigurður Kristinn Egilsson óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

Þórarinn Arnar Sævarsson, stjórnarmaður, tók fyrst sæti í stjórn árið 2019

Fæðingarár:
Menntun:
Aðalstarf:
Starfsferill:

1969

Löggiltur fasteignasali. Próf frá Vélskóla Íslands og Skipstjórnarskólanum ásamt flugþjálfun.

Löggiltur fasteignasali, svæðisstjóri hjá RE/MAX á Íslandi.

Fjórtán ára reynsla af sjávarútvegi. Tuttugu ára reynsla af kaupum, sölu og þróun fasteigna á fasteignamarkaðinum. Fjárfestingarverkefni í ráðgjafar fyrirtækjum, sprotafyrirtækjum og tækniyrirtækjum. Stofnun fasteignasölu á Íslandi og erlendis. Þórarinn er sérleyfishafi hjá RE/MAX á Íslandi og jafnframt eigandi og stjórnarmaður í því fyrirtæki. Eigandi félagsins Loran ehf.

Önnur trúnaðarstörf:	Stjórnarformaður Fjölblandir ehf. í stjórn Remax á Íslandi, Loran ehf., IREF ehf., Einbýli ehf., Strengur Holding ehf., Strengur hf., Iceland Rent ehf., Henrik ehf. og Smárahvammur ehf.
Eignarhluti í Skeljungu:	Þórarinn á 100% í félaginu Loran ehf. Loran ehf. á 50% í IREF ehf. IREF ehf. á 20% hlut í Strengur Holding ehf. en það félag á 100% í Strengur hf. Strengur hf. á 969.152.089 hluti í Skeljungu eða sem nemur 50,06% atkvæða.
Stöður hjá Skeljungu:	Stjórnarmaður í Skeljungu og nefndarmaður í tilnefningarnefnd og endurskoðunarnefnd Skeljungs.
Hagsmunatengsl:	Loran ehf. á 50% hlut í IREF ehf. sem á 20% hlut í Streng Holding ehf.

Að mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Þórarinn Arnar Sævarsson óháður félaginu, daglegum stjórnendum en hins vegar ekki óháður stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.